

## **Fundur í fræðslunefnd Langanesbyggðar haldinn í Grunnskólanum á Þórshöfn þriðjudaginn 11. febrúar 2014 og hófst kl 16:00.**

**Mættir:** Siggeir Stefánsson, Dagrún Þórisdóttir, Kristinn Lárusson, Ólína Ingibjörg Jóhannesdóttir, Eggert Stefánsson, Ingveldur Eiríksdóttir, Stefán Benjamínsson, María Guðmundsdóttir, Halldóra Jóhanna Friðbergdóttir, Þorsteinn Egilsson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

### **1. Skólastefna Langanesbyggðar.**

Skólastefnan lesin yfir og komu fram nokkrar ábendingar og athugasemdir. Þær voru settar inn í skjalið og það verður síðan sent til Ingvars.

Rætt um endurmenntun starfsmanna og að það þurfi að tryggja starfsfólki ákveðna endurmenntun og tækifæri í þeim efnum. Það sé ekki nóg að hafa það í skólastefnu heldur verður að tryggja til þess fjármuni.

Fundarmenn almennt ánægðir með vinnu Ingvars og ljóst að hann er búin að leggja mikla vinnu í þetta. M.a. er hann búinn að leggja sig fram um að hitta sem flesta hagsmunaaðila.

### **2. Önnur mál**

Formaður leggur til að fræðslunefnd reyni að funda aftur í næstu eða þarnæstu viku. . Rætt um að skipuleggja ferð fræðslunefndar til Vopnafjarðar fljótlega en það væri gaman fyrir fræðslunefnd að kynna sér skólastarf nágrennasveitarfélaganna. Eggert kynnti að í ferð grunnskólans á Svalbarði til Færeyja var farið í heimsókn í nýlegan grunnskóla og það hefði verið gaman að skoða skólann.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl 18:10